

**FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR  
(ESB) nr. 945/2014****2020/EES/50/46****frá 4. september 2014****um tæknilega framkvæmdarstaðla að því er varðar viðeigandi, nægilega fjölbreyttar vísitölur samkvæmt  
reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 575/2013 (\*)**

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 575/2013 frá 26. júní 2013 um varfærniskröfur að því er varðar lánastofnanir og fjárfestingarfyrirtæki og um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 648/2012 <sup>(1)</sup>, einkum þriðju undirgrein 1. mgr. 344. gr.,*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

- 1) Samkvæmt 4. mgr. 344. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013 er heimilt að líta fram hjá sértækri áhættu staðlaðs framvirks samnings, sem tengdur er hlutabréfavísitölu, sem yrði meðhöndlaður sem stakt hlutabréf í samræmi við þá grein, ef samið er um viðkomandi hlutabréfavísitölu í kauphöll og ef hún vísar til viðeigandi, nægilega fjölbreyttrar vísitölu.
- 2) Þegar staðlaður, framvirkur samningur, sem tengdur eru hlutabréfavísitölu og viðskipti eru með í kauphöll, er nægilega fjölbreyttur, er hægt að gera ráð fyrir að slíkur staðlaður, framvirkur samningur beri enga sértæka áhættu. Þetta er talið eiga við þegar vísitalan inniheldur að minnsta kosti 20 hlutabréf, engin ein eining innan þeirra vísar til meira en 25% af vísitölunni í heild og 10% stærstu hlutabréfanna (þar sem fjöldi hlutabréfanna er hækkaður upp í næstu heilu tölu) vísar til minna en 60% af vísitölunni í heild. Til viðbótar verður vísitalan að ná yfir hlutabréf frá minnst einum landsbundnum markaði og yfir hlutabréf frá að minnsta kosti fjórum eftirfarandi atvinnugreinum: olíu og gasi, hráefnum, iðnaðarvörum, neysluvörum, heilbrigðisþjónustu, neytendaþjónustu, fjarskiptum, almannaðjónustu, fjármálum og tækni.
- 3) Að því gefnu að 4. mgr. 344. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013 vísi til „viðeigandi“ hæfra vísitalna, hafa aðeins þær hlutabréfavísitölur sem eru viðeigandi fyrir fjármálastofnanir í Sambandinu verið metnar út frá viðmiðunum fyrir greiningu á hæfum hlutabréfavísitölum.
- 4) Þessi reglugerð byggir á frumvarpi að tæknilegum eftirlitsstöðlum sem Evrópska bankaeftirlitsstofnunin hefur lagt fyrir framkvæmdastjórnina.
- 5) Evrópska bankaeftirlitsstofnunin hefur haft opið samráð við almenning um frumvarpið að tæknilegum eftirlitsstöðlum sem þessi reglugerð byggir á, greint mögulegan tengdan kostnað og ávinning og óskað eftir álitni hagsmunahóps um bankastarfsemi, sem komið var á fót í samræmi við 37. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1093/2010 <sup>(2)</sup>,

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

*1. gr.***Hlutabréfavísitölur að því er varðar 344. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013**

Í viðaukanum er látinn í té listi yfir þær hlutabréfavísitölur sem geta fengið þá meðhöndlun sem sett er fram í öðrum málslíð 4. mgr. 334. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013.

(\*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjóð. ESB L 265, 5.9.2014, bls. 3. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 82/2019 frá 29. mars 2019 um breytingu á IX. viðauka (Fjármálaþjónusta) við EES-samninginn, sjá EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins* nr. 44, 2.7.2020, bls. 71.

<sup>(1)</sup> Stjóð. EB L 176, 27.6.2013, bls. 1.

<sup>(2)</sup> Stjóð. ESB L 331, 15.10.2010, bls. 12.

2. gr.

**Gildistaka**

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 4. september 2014.

*Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,*

José Manuel BARROSO

*forseti.*

\_\_\_\_\_

## VIÐAUKI

**Hlutabréfavísitölur sem uppfylla kröfurnar í 344. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013**

Vísitala	Land
1. S&P All Ords	Ástralía
2. ATX	Austurríki
3. BEL20	Belgía
4. SaoPaulo - Bovespa	Brasilía
5. TSE35	Kanada
6. FTSE China A50 Index	Kína
7. CROBEX	Króatía
8. OMX Copenhagen 20 CAP	Danmörk
9. DJ Euro STOXX 50	Evrópa
10. FTSE Eurofirst 100	Evrópa
11. FTSE Eurofirst 80	Evrópa
12. FTSE Eurotop 100 index	Evrópa
13. MSCI Euro index	Evrópa
14. STOXX Europe 50	Evrópa
15. STOXX Europe 600	Evrópa
16. STOXX Europe Lrg 200	Evrópa
17. STOXX Europe Mid 200	Evrópa
18. STOXX Europe Small 200	Evrópa
19. STOXX Select Dividend 30	Evrópa
20. CAC40	Frakkland
21. SBF 120	Frakkland
22. DAX	Þýskaland
23. HDAX	Þýskaland
24. MDAX	Þýskaland

Vísitala	Land
25. SDAX	Þýskaland
26. Athens General	Grikkland
27. Hang Seng	Hong Kong
28. Hang Seng China Enterprises	Hong Kong
29. NIFTY	Indland
30. FTSE MIB	Ítalía
31. FTSE Bursa Malaysia	Malasía
32. MSE Share Index	Malta
33. Nikkei225	Japan
34. Nikkei300	Japan
35. IPC Index	Mexíkó
36. AEX	Holland
37. AMX	Holland
38. WIG20	Pólland
39. PSI 20	Portúgal
40. Straits Times Index	Singapúr
41. IBEX35	Spánn
42. OMX Stockholm 30	Svíþjóð
43. SMI	Sviss
44. FTSE nasdaq Dubai 20	Sameinuðu arabísku furstadæmin
45. FTSE 100	Bretland
46. FTSE mid-250	Bretland
47. S&P 500	Bandaríkin
48. Dow Jones Ind. Av.	Bandaríkin
49. NASDAQ 100	Bandaríkin